GUNNARSSTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA

Gunnarsstofnunar

2019

Skriðuklaustur
Menningarsetur & sögustaður

Efnisyfirlit

Ágrip 1
Almennt um starfsemina 2
Stærri sýningar og viðburðir 3
Hreindýradraugur … – 25. mars - 22. apríl 3
Undir Klausturhæð og sýning um Gunnar skáld 3
Miðaldaklaustrið í sýndarveruleika 3
Gallerí Klaustur 4
Sýnendur í gallerí Klaustri 2019 4
Aðrir viðburðir 5
VIÐBURÐATAL ÁRSINS 6
Þjónustusamningar 7
Samstarfsverkefni 8
Saga Borgarættarinnar – 100 ára afmæli kvikmyndar 8
Samstarf við Hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands 8
CINE-verkefnið 9
Útgáfa og upplýsingagjöf 11
Útgáfa 11
Heimasíða og samfélagsmiðlar 11
Almenn kynning 11
Heimildasafn Gunnars 11
Menningarsjóður Gunnarsstofnunar 12
Gestaíbúðin Klaustrið 12
Gestir Klaustursins 2019 12
Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir 13
Höfundarréttarmál 14
Félagsaðild Gunnarsstofnunar o.fl. 15
Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns 15
Hugleiðing forstöðumanns 16

Ágrip

Starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar árið 2019 var með nokkuð hefðbundnu sniði fyrir utan tímabundin sérverkefni. Safnið á Skriðuklaustri var opið nær alla daga frá 1. apríl til loka október. Safngestum fjölgaði lítillega milli ára og jukust tekjur af aðgangseyri um rúm 10%. Mestu munaði um fjölgun gesta úr skemmtiferðaskipum frá fyrra ári. Áætlað er að yfir 40 þús. manns hafi komið á staðinn og ríflega fjórðungur þeirra hafi greitt aðgang að safninu. Haldnir voru fastir viðburðir eins og píslarganga, Fljótsdalsdagur, rithöfundalest, Grýlugleði og upplestur á *Aðventu* en að auki voru fyrirlestra og tónleikar. Sýningar á Skriðuklaustri voru: Páskasýningin *Hreindýradraugur*; fimm sýningar voru í gallerí Klaustri; sumarsýning í stássstofu var áfram *Undir Klausturhæð*, sýning um Gunnar var óbreytt og í Franziscu-herbergi var sýndarveruleikasýning um miðaldaklaustrið í tengslum við CINE-verkefnið. Gunnarsstofnun stóð fyrir viðburði í Gunnarshúsi í Reykjavík 18. maí á fæðingardegi skáldsins. Dvalargestir gestaíbúðarinnar Klaustursins voru ellefu auk nokkurra sem hlupu í skarðið vegna forfalla.

CINE-verkefnið, sem nýtur styrks úr Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPA) og snýst um skráningu og miðlun á menningararfi með nýjustu tækni, tók töluverðan tíma á árinu. Umsamið er að 15% af vinnutíma forstöðumanns fari í CINE og 10% af tíma staðarhaldara þessi þrjú ár sem verkefnið stendur. Gunnarsstofnun skipulagði viðburði á Íslandi í tengslum við verkefnið auk þess að sinna því allt árið og senda fulltrúa á fundi í Skotlandi í maí og á Írlandi í nóvember.

Starfsmenn voru tveir heilsársstarfsmenn og fjórir í tímabundnu starfi yfir sumarið, alls 34 mannmánuðir.

Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður í fullu starfi.
Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir staðarhaldari í fullu starfi við gestamóttöku, stjórnun o.fl.
Brynjar Darri Kjerúlf vann í rúma þrjá mánuði við gestamóttöku, umhirðu og ýmis sérverkefni.
Bríet Finnsdóttir vann í tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Jófríður Úlfarsdóttir vann í tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Ann-Marie Schlutz vann í tæpa tvo mánuði við gestamóttöku og umhirðu.

Stjórn Gunnarsstofnunar hélt fjóra fundi á árinu: 27. mars og 18. maí í Gunnarshúsi Reykjavík, 12. september á Skriðuklaustri og 9. desember í Árnagarði Reykjavík. Stjórnin var skipuð að nýju í ársbyrjun 2018 til þriggja ára og í henni eiga sæti:

Gunnar Björn Gunnarsson, kjörinn formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti.
Varamaður hans: Gunnar Martin Úlfsson.
Margrét Jónsdóttir tilnefnd af Háskóla Íslands.
Varamaður hennar: Hjalti Hugason.
Sigríður Sigmundsdóttir, kjörin varaformaður, tilnefnd af Austurbrú ses.
Varamaður hennar: Björg Björnsdóttir.
Oddný Eir Ævarsdóttir tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands.
Varamaður hennar: Bjarni M. Bjarnason.
Svanhildur Óskarsdóttir tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Varamaður hennar: Rósa Þorsteinsdóttir.

Rekstrarframlag til stofnunarinnar á fjárlögum nam 51,7 m.kr. Aðrar tekjur námu rúmum 32 m.kr. Rekstrargjöld voru um 70,5 m.kr. og var tekjuafgangur að teknu tilliti til fjármagnsliða um 13,1 m.kr. Húsaleiga til Ríkiseigna vegna fasteigna á staðnum nam um 12,4 m.kr. Eigið fé stofnunarinnar í árslok nam 20,2 m.kr.

Sumarið 2019 var heldur kalt og blautt.

Gunnarsstofnun hlaut menningarverðlaun SSA.

Óvenjumikill snjór safnaðist við Gunnarshús.

Almennt um starfsemina

Starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri árið 2019 var áþekk árinu á undan. Fastar sýningar og fastir viðburðir voru á sínum stöðum í dagskránni og starfsemi í nokkuð föstum skorðum. Meiri tími hjá starfsmönnum fór í margmiðlun kringum klausturminjar heldur en undangengin ár í tengslum við CINE og nutu gestir sýndarveruleika klausturbygginganna.

Gestir yfir sumarmánuðina voru ívíð fleiri en sumarið 2018 en Íslendingum fækkaði milli ára vegna þess að sumarið var blautt og kalt á Austurlandi. Farþegum úr skemmtiferðaskipum og Norrænu fjölgaði hins vegar og urðu 6400 talsins. Áætlað er að gestir staðarins hafi verið um 40.000 og ríflega fjórðungur þeirra komið inn á safnið auk barna. Gjaldskrá var ekki hækkuð milli ára, aðgangseyrir einstaklings er kr. 1.100 kr. fyrir 17 ára og eldri. Sextán ára og yngri fá frítt og öryrkjar og aldraðir greiða 550 kr. ásamt því að námsmenn fá 25% afslátt. Einnig er veittur hópafsláttur. Eins og árin á undan var leiðsögn um minjasvæðið aðeins í boði fyrir hópa gegn þóknun. Að öðru leyti fara gestir um það svæði sjálfir og lesa sér til á skiltum.

Opnunartími var svipaður og árið á undan. Dagleg opnun hófst 6. apríl og var síðan opið nær alla daga fram til loka október. Auk þessa var opið margar helgar og staka daga vegna viðburða. Alls var opið á Skriðuklaustri um 210 daga af árinu auk þess sem opnað var nokkra daga vegna viðburða eða heimsókna utan hefðbundinnar opnunar.

Heilársstarfsmenn voru forstöðumaður og staðarhaldari, sem ráðinn var í nýja stöðu í ársbyrjun 2018. Tímabundnir starfsmenn í gestamóttöku voru fjórir og skiptu með sér vöktum ásamt staðarhaldara og forstöðumanni. Starfsmenn gengu að venju í ýmis verk utan þess að taka á móti gestum. Má þar nefna garðvinnu í kringum húsið, slátt á minjasvæði, umhirðu blómabeða, vökvun og slátt á þaki og öll þrif innandyra. Bóndinn á Skriðuklaustri sá um að að slá flatirnar við Gunnarshús og stærra svæði. Þá kom vinnuhópur frá Landsvirkjun og vann með starfsmönnum að umhirðu á lóð í tvo daga.

Þetta var tuttugasta sumarið sem Skriðuklaustur er opið fyrir gesti. Staðurinn nýtur vinsælda, bæði sem ferðamannastaður og einnig sem staður til að heimsækja af sérstöku tilefni. Veitingastaðurinn Klausturkaffi hefur skapað sér sérstöðu og dregur ekki síður að gesti heldur en húsið, fornleifarnar og menningarstarfsemin.

Klausturreglan er félagsskapur fyrir fasta gesti og þá sem vilja styðja við stofnunina. Til hennar teljast um 120 manns.

Andri Snær mætti í Rithöfundalestina.

Þéttsetið í stássstofunni á Rithöfundalest.

Margrétar saga er hluti af Klaustursýningu.

Stærri sýningar og viðburðir

Hreindýradraugur … – 25. mars - 22. apríl

Páskasýning eða vorsýning ársins var að þessu sinni með verkum eftir franska listamanninn Francois Lelong sem dvaldi í gestaíbúðinni. Lelong hefur dvalið af og til á Húsavík undanfarin ár og úr því umhverfi og austfirskri náttúru spratt sýningin *Hreindýradraugur – hreindýr, jurtir og orð.* Hún vakti mikla athygli og var vel sótt af heimamönnum auk þess sem erlendir gestir voru áhugasamir um hana.

Páskasýningin *Hreindýradraugur* með verkum Francois Lelong.

Undir Klausturhæð og sýning um Gunnar skáld

Meginsýning sumarsins í stássstofu Gunnarshúss var í grunninn hin sama og sett hefur verið upp undangengin sumur, helguð klaustrinu og rannsókn þess. Nýjum upplýsingum var miðlað gegnum skjái á sýningunni, sem auðveldaði m.a. gestum skemmtiferðaskipa að fræðast um meginatriðin.

Í skrifstofu skáldsins og í raun um allt húsið var áfram óbreytt sýning um Gunnar Gunnarsson, ævi og verk. Starfsfólk veitti leiðsögn um sýningarnar og sagði frá klaustrinu og Gunnari ásamt fleiru.

Sýningarspjöld um ævi og verk Gunnars eru dreifð um húsið þó að hjarta þeirrar sýningar sé í skrifstofu skáldsin.

Miðaldaklaustrið í sýndarveruleika

Til viðbótar við sýninguna í stássstofu er sýndarveruleiki miðaldaklaustursins í Franziscuherbergi. Þar gátu gestir sett á sig Oculus Rift höfuðtól og skyggnst inn í byggingar klaustursins fyrir 500 árum. Þrívíddarmódelið af byggingunum er unnið af sérfræðingum hjá St. Andrews háskólanum, m.a. í tengslum við CINE-verkefnið og fyrir styrki frá Uppbyggingarsjóði Austurlands. Síðsumars kom ný gerð af sýndarveruleikanum sem gerði gestum kleift að ganga um byggingarnar og svífa í kringum þær. Þessi sýning er færanleg og fór forstöðumaður m.a. með hana niður á Norðfjörð og sýndi á Tæknidegi fjölskyldunnar í október.

Sýndarveruleiki klaustursins í Franziscuherbergi vekur áhuga og athygli ungra sem aldinna.

Gallerí Klaustur

Sýningar í gallerí Klaustri voru sex þetta árið og færðu gestum innsýn í ólíkar listgreinar.

Sýnendur í gallerí Klaustri 2019

Hús Handanna o.fl. - (handverk) *Plús / mínus hundrað - Nytjalist að austan* 6. - 29. apríl
Sýning á þremur samstarfsverkefnum um hönnun á nytjahlutum úr staðbundnu hráefni.

Listnámsbraut ME (blönduð tækni) *List án landamæra* 11. - 31. maí
Sýning með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og sjálfbærni að leiðarljósi.

Marie-Anne Jongmans (leirlist) *Icelandic Impressions* 1. - 26. júní
Leirlistaverk og hagnýtir munir sem listakonan vann m.a. í Klausturdvöl 2017.

Tasha Doremus (ljósmyndir) *'The fire that lurks within all things'* 1. júlí - 10. ágúst
Myndir unnar í dvöl listakonunnar á Skriðuklaustri 2014 þegar gos stóð yfir í Holuhrauni.

Örn Þorsteinsson (skúlptúr) *Ferðamyndir - Travel pieces* 16. - 31. ágúst
Frummyndir úr plastefnum og verk unnin í kljástein og grágrýti ásamt bronsafsteypum.

Tryggvi Þórhallsson (málverk) *Farir sléttar* 8. sept. - 13. okt.
Landslagsmyndir unnar með vatnslitum á pappír á ferðum um landið.

Sýningin *List án landamæra* var að þessu sinni sett saman af nemum ME.



Marie-Anne Jongmans frá Hollandi sýndi leirmuni.

Örn Þorsteinsson myndhöggvari sýndi litla skúlptúra.

Listakonan Tasha Doremus sýndi myndir unnar á Klaustri 2014.

Hera Björk og Bjössi Thor komu við á Skriðuklaustri með tónleika í júlí.

Aðrir viðburðir

Auk framantalinna sýninga var eitt og annað á seyði á Skriðuklaustri þetta árið. Haldið var uppteknum hætti að spila **Lomber**, hið gamla sagnaspil sem Gunnar mat mikils, á nokkurra vikna fresti og farið norður í Eyjafjörð 30. mars og spilað við Húnvetninga. Annars var ýmist spilað á Klaustri eða í Bókakaffi í Fellabæ**.** Gunnarsstofnun kom síðan að því að stýra keppni í lomber á Landsmóti UMFÍ fyrir 50 ára og eldri sem fram fór á Norðfirði í júní.

Bruninn á Brekku 1944 og Gunnar skáld var yfirskrift erindis sem Stefán Þórarinsson læknir hélt á konudaginn 24. febrúar og var húsfyllir í skrifstofu skáldsins.

Þar liggur hundurinn grafinn var yfirskrift málþings Gunnarsstofnunar sem haldið var 27. febrúar í samvinnu við Hagnýta menningarmiðlun við Háskóla Íslands og önnur söfn á Austurlandi. Málþingið var haldið á Hótel Héraði á Egilsstöðum og var fjölsótt en þar var fjallað um menningar- og söguferðaþjónustu á Austurlandi og tækifæri í henni.

Í júlí kom tónlistarfólk og hélt **tónleika í stássstofunni**. Berta Dröfn Ómarsdóttir sópran og Sigurður Helgi Oddsson pianóleikari efndu til tónleika 9. júlí með lögum eftir Oddgeir Kristjánsson. Þá komu Hera Björk og Bjössi Thor við þann 21. júlí á hringferð sinni, Sumartúrinn 2019.

Í stað Fljótsdalsdags Ormsteitis voru haldin **Töðugjöld í Fljótsdal** 15. - 18. ágúst sem lauk með dagskrá á Skriðuklaustri á sunnudegi. Reynt var að halda hefðbundinni dagskrá en veður var þannig að messað var í stássstofu í stað klausturrústa og tónleikar Hunds í óskilum voru færðir inn í Snæfellsstofu. Þristarleikar fóru þó fram utandyra að venju. Aðsókn á þessum sunnudegi var minni en venjulega sökum kulda og bleytu.

Rithöfundalestin renndi í hlað á Skriðuklaustri á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember í samstarfsverkefni Gunnarsstofnunar, Vopnafjarðarhrepps, Skaftfells á Seyðisfirði og Djúpavogshrepps. Að þessu sinni tóku þátt: Andri Snær Magnason, Eva Björg Ægisdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Pétur Gunnarsson og austfirsku höfundarnir Sveinn Snorri Sveinsson og Unnur Birna Karlsdóttir. Gunnarsstofnun hafði umsjón með skipulagningu og fjármálum verkefnisins sem naut styrkja frá Uppbyggingarsjóði Austurlands, Alcoa-Fjarðaáli, Síldarvinnslunni, Gistihúsinu á Egilsstöðum og Bílaleigu Akureyrar auk bókaforlaganna. Skipulagðar voru skólaheimsóknir í tengslum við komu höfundanna.

Grýlugleði í byrjun aðventu er fastur viðburður sem ávallt nýtur mikilla vinsælda. Ekki var brugðið út af vananum þetta árið og sunnudaginn 1. desember mættu sagnálfar og gaulálfar auk þess sem hjónakornin birtust öllum til leiðinda og armæðu. Þriðja árið í röð var aðsókn á gleðina svo mikil að húsrými nægði vart fyrir gesti.

Síðasti viðburður ársins á Skriðuklaustri var að venju upplestur á *Aðventu* 8. desember. Benedikt Karl Gröndal leikari las söguna í skrifstofu skáldsins. Sagan var einnig lesin í Gunnarshúsi í Reykjavík hjá Rithöfundasambandi Íslands þar sem Gunnar Björn Gunnarsson las og hjá íslenska sendiráðinu í Berlín. Einnig fréttist af upplestrum víðar, s.s. hjá Ferðafélaginu á Akureyri.

VIÐBURÐATAL ÁRSINS

Lomberkvöld á Bókakaffi	11. janúar
Konudagsspjall um *Brunann á Brekku 1944*, Stefán Þórarinsson	24. febrúar
Þar liggur hundurinn grafinn - málþing á Hótel Héraði	27. febrúar
Lesið í landið, CINE-vinnustofa og málþing í Suðursveit með Þórbergssetri	1. mars
Menningarminjar og margmiðlun, CINE-kynning á Skriðuklaustri	3. mars
Lomberkvöld á Skriðuklaustri	8. mars
Lomberslagur í Eyjafirði	30. mars
Opnun páskasýninganna *Hreindýradraugur* og *Nytjalist að austan*	6. apríl
Píslarganga föstudaginn langa – frá Valþjófsstað í Skriðuklaustur	19. apríl
Lomberkvöld á Klaustri	27. apríl
Opnun á sýningunni *List án landamæra* í gallerí Klaustri	6. maí
Ferðaleiðir fyrr á öldum yfir og umhverfis Vatnajökul, Hjörleifur Guttormsson	9. maí
Afmælisdagskrá á Dyngjuvegi 8 og úthlutun úr Menningarsjóði Gst.	18. maí
Opnun á sýningu Marie-Anne Jongmans í gallerí Klaustri	1. júní
Lomber á Landsmóti UMFÍ 50+ í Neskaupstað	29. júní
Opnun á sýningu Tasha Doremus í gallerí Klaustri	1. júlí
Fyrir austan mána og vestan sól - tónleikar Bertu Drafnar og Sigurðar	9. júlí
Sumartúrinn 2019 - tónleikar Heru Bjarkar og Bjössa Thor	21. júlí
Opnun á sýningu Arnar Þorsteinssonar í gallerí Klaustri	16. ágúst
Töðugjöld í Fljótsdal með guðsþjónustu, Þristarleikum og tónleikum	18. ágúst
Opnun á sýningu Tryggva Þórhallssonar í gallerí Klaustri	8. september
Lomberkvöld á Skriðuklaustri	27. september
Lomberkvöld á Bókakaffi	1. nóvember
Lomberkvöld á Skriðuklaustri	6. desember
Rithöfundalestin á Klaustri	16. nóvember
Grýlugleði á Klaustri	1. desember
Aðventa lesin á þýsku hjá íslenska sendiráðinu í Berlín	3. desember
Aðventa lesin á Skriðuklaustri	8. desember
Aðventa lesin hjá RSÍ á Dyngjuvegi 8	8. desember
Lomberkvöld á Klaustri	14. desember

Benedikt Gröndal að lesa *Aðventu*.

Sýningin Plús/mínus hundrað í gallerí.

Húsfyllir var á fyrirlestri Stefáns Þórarinssonar.

Þjónustusamningar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar gerði árið 2017 ótímabundið samkomulag um þjónustu Gunnarsstofnunar við sjóðinn sem kveður á um þau verkefni sem forstöðumaður á að sinna fyrir sjóðinn. Verkefnin snúast fyrst og fremst um umsjón með auglýsingum um styrki, úthlutun styrkja, eftirfylgni og upplýsingagjöf.

Þjónustusamningur við Fljótsdalshrepp var endurnýjaður í ársbyrjun 2018 og gildir til ársloka 2020. Samningurinn tekur til ákveðinnar þjónustu á sviði ferða- og menningarmála. Innan þessa samnings vinnur Gunnarsstofnun m.a. að Hengifossverkefninu fyrir Fljótsdalshrepp. Stofnunin sér t.a.m. um að gera umsóknir, áfanga- og lokaskýrslur til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Þá situr forstöðumaður í svokölluðu markaðsráði Austurlands f.h. Fljótsdalshrepps, sem er vinnuhópur sveitarfélaganna og Austurbrúar kringum verkefnið *Áfangastaðurinn Austurland*. Jafnframt stýrir Gunnarsstofnun klasaverkefnum í ferðaþjónustu, m.a. á grundvelli þessa samnings. Í Ferðaklasa Upphéraðs eru ferðaþjónustuaðilar, stofnanir og fyrirtæki sem starfa á svæðinu frá Vallanesi og upp í Laugarfell. Klasinn gefur út markaðsefni til að lokka til sín ferðamenn, heldur utan um heimasíðuna hengifoss.is og vinnur að nýsköpun og þróun þjónustu og upplýsingagjafar fyrir ferðamenn á svæðinu. Vinna vegna verkefna klasans hefur verið vistuð hjá Gunnarsstofnun frá upphafi og var svo áfram 2019. Haldnir eru að jafnaði þrír fundir í klasanum á hverju ári til að fara yfir stöðu verkefna og hvað skuli gera næst. Klasinn réðist í umfangsmikil verkefni á árinu undir stjórn Gunnarsstofnunar. Í fyrsta lagi var farið í að byggja upp nýja heimasíðu og breyta bæklingi til kynningar í meðfærilegan lokkara. Þá var ráðist í stórt myndatökuverkefni fyrir klasann í september til að afla ljósmynda og myndbanda fyrir markaðssókn svæðisins næstu árin.

Samstarfsverkefni

Saga Borgarættarinnar – 100 ára afmæli kvikmyndar

Eitt af þeim samstarfsverkefnum sem Gunnarsstofnun vann áfram að 2019 var verkefni vegna 100 ára afmælis kvikmyndarinnar sem gerð var eftir *Sögu Borgarættarinnar* árið 1919 og frumsýnd í Kaupmannahöfn í ágúst 1920. Verkefnið hefur verið í undirbúningi um nokkurra ára skeið í samvinnu við Kvikmyndasafn Íslands og Dansk Film Institut. Við árslok 2018 var markmiðið að haustið 2019 yrði tilbúin ný stafræn gerð með textum á íslensku, ensku og dönsku og íslenskri valinni tónlist, mest eftir Jón Leifs. Verkefnið tók nýja stefnu snemma árs og ákveðið var að semja við Þórð Magnússon tónskáld um að gerð nýrrar tónlistar við myndina. Á afmælisdegi Gunnars 18. maí var skrifað undir samkomulag Gunnarsstofnunar, Kvikmyndasafns Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands um þetta verkefni miðað við kvikmyndatónleika í Hofi Akureyri og Eldborg Hörpu í maí 2020. Jafnframt var áfram gert ráð fyrir sýningum á Ítalíu og í Danmörku. Menningarsjóður Gunnarsstofnunar veitti 1,5 milljónir króna til tónsmíðanna og stjórn Gunnarsstofnunar samþykkti jafnframt 1 milljón króna til tónskáldsins. Síðan hefur verið sótt í hina ýmsu sjóði til að styrkja verkefnið. Gunnarsstofnun tók að sér verkefnisstjórn og að halda utan kynningarmál og fjármál.

Samstarf við Hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands

Komið var á frekara samstarfi við Hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands sem hófst kringum CINE námsstefnuna í Gerðubergi 2018. Í febrúar var farin vettvangsferð nemenda í einum áfanga til Austurlands þar sem Gunnarsstofnun skipulagði heimsóknir til safna og setra sem endaði með fjölsóttu málþingi á Egilsstöðum um tækifæri í menningar- og söguferðaþjónustu á Austurlandi. Þetta samstarf HÍ og Gunnarsstofnunar þróðist síðan enn frekar á árinu. Varð úr að forstöðumaður Gunnarsstofnunar tók að sér að búa til nýjan 10 eininga áfanga fyrir námsleiðina undir heitinu *Leikjavæðing og menningararfur.* Var áfanginn kenndur haustið 2019 við HÍ og naut forstöðumaður fulltingis samstarfsaðila frá námstefnunni í Gerðubergi auk fleiri til að miðla ýmsu varðandi leikjavæðingu og mikilvægi þess að nýta sér nýja tækni leikjaheimsins til miðlunar. Niðurstaðan eftir önnina var sú að bjóða aftur upp á áfangann haustið 2020 og mun forstöðumaður áfram hafa umsjón með kennslunni.

CINE-verkefnið

Í september 2017 hófst verkefnið CINE sem nýtur styrks úr Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPA) og er Gunnarsstofnun aðili að því. Verkefnið snýst um skráningu og miðlun á menningararfi með nýjustu tækni og er til 3ja ára með kostnað upp á um 230 m.kr. Gunnarsstofnun ber ábyrgð á einum vinnupakka og er heildarkostnaður stofnunarinnar í verkefninu áætlaður um 13 m.kr. og þar af fást 60% endurgreidd. Mótframlag Gunnarsstofnunar er í formi vinnu og gert ráð fyrir að allt að 15% af vinnutíma forstöðumanns fari í CINE þessi þrjú ár sem verkefnið stendur og 10% af tíma staðarhaldara.

VERKEFNIÐ Í HNOTSKURN

Í hnotskurn snýst CINE um að að skrá og miðla menningararfi með nýjustu tækni og margmiðlun. Tækni sem er til staðar verður gerð aðgengileg og samnýtt til smíði á tólum sem nýst geta smærri söfnum til að miðla þeim upplýsingum og gögnum sem þau búa yfir. Unnin verða tilraunaverkefni, samdar leiðbeiningar og opnað aðgengi að þeim tæknilausnum sem búnar verða til í verkefninu.

AÐILD

Museum Nord safnið í Norður-Noregi er leiðandi aðili í verkefninu (lead partner) og ber ábyrgð á fjármálum þess og framkvæmd. Aðrir aðilar eru:

Noregur:	Institutt for medier og kommunikasjon, Oslóarháskóla og Aurora Borealis Multimedia.
Írland:	Donegal County Musuem og Intellegent systems research centre við Ulster-háskólann.
Skotland:	Timespan - Helmsdale Heritage and Arts Society og St. Andrews háskólinn.
Ísland:	Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri og Locatify.

Fleiri eiga aukaaðild að verkefninu:

Noregur: Riksantikvaren, Nordlands Fylkeskommune, Vågan Kommune, Tromsø Museum.

Skotland: Highlands & Islands Enterprise, Historic Environment Scotland.

Ísland: Minjastofnun Íslands, Fljótsdalshreppur, Óbyggðasetur Íslands og Vatnajökulsþjóðgarður.

VINNA GUNNARSSTOFNUNAR

Gunnarsstofnun ber ábyrgð á vinnupakka T3 ásamt írsku samstarfsaðilunum. Sá vinnupakki snýst um að beita nýjum aðferðum við skráningu á minjastöðum og fornum leiðum og virkja almenning til skráningar. Einnig verður skoðað sérstaklega hvernig er hægt að nota leiki til að miðla fróðleik um menningararfinn til ferðamanna og skólabarna.

Kjarninn í verkefninu hérlendis er Skriðuklaustur, minjastaðurinn sem slíkur en einnig staðir og leiðir sem tengdust miðaldaklaustrinu. Sérstaklega verður skoðuð leiðin úr Fljótsdal, yfir jökul og niður í Suðursveit til Borgarhafnar. En á henni er t.a.m. hægt að taka inn í verkefnið veðurfarsbreytingar fyrri tíma og nútímans sem verða til þess að jökullinn skríður fram eða hopar.

Vonast er til að fá út úr verkefninu fullkomið þrívíddarlíkan að klaustrinu og tól til að fara með fólk á fjarlæga staði eða í flugsýn leiðina niður í Suðursveit. Leikir sem fá ferðamenn til að feta söguslóðir í Fljótsdal munu líta dagsins ljós og fjarferðamennska verður nýtt til að varpa þrívíddarleiðsögn frá Skriðuklaustri til fólks í öðrum löndum sem ekki á þess kost að heimsækja staðinn. Ný tækni til að miðla upplýsingum um gripi inni í sýningum og í snjalltækjum verður könnuð og þróuð og áhrif hlýnunar jarðar sýnd í líkönum og hvaða þýðingu það hefur fyrir menningararfinn. Nýjar aðferðir við að skrá fornminjar verða prófaðar, t.d. 360° ljósmyndir og einnig skoðað hvernig slíkt getur nýst sveitarfélögum í skipulagsmálum.

Með styrk frá Vinum Vatnajökuls var byrjað að safna gögnum eins og ljósmyndum og drónamyndum af leiðinni milli Skriðuklausturs og Borgarhafnar síðsumars 2017. Til þess verks komu tveir sérfræðingar frá St. Andrews-háskólanum og voru við myndatökur í nokkurra daga ásamt forstöðumanni, bæði sunnan jökuls og norðan. Vinna að verkefnum undir yfirskriftinni *Söguhjúpur Skriðuklausturs* sem Uppbyggingarsjóður Austurlands hefur styrkt tengjast einnig gagnaöflun fyrir CINE og tæknivinnu. Styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna 2017 var nýttur til að smíða fjársjóðsleik fyrir snjallsíma í anda Pokémon Go. Vinir Vatnajökuls veittu samstarfsverkefni Gunnarsstofnunar og Jarðvísindastofnunar HÍ styrk fyrir árið 2019 til að vinna nýtt reiknilíkan sem á að sýna hvernig Vatnajökull stækkaði frá landnámi svo að betur sé hægt að gera sér grein fyrir ferðaleiðum á tíma klaustursins.

ÁBYRGÐ GUNNARSSTOFNUNAR Í STJÓRNUN

Forstöðumaður Gunnarsstofnunar leiðir starfið fyrir íslensku aðilana í verkefninu og það er á hans ábyrgð að stýra vinnuhópi verkefnisins á Íslandi með aðild aukaaðila. Hann situr í stýrihópi verkefnisins sem fundar á sex mánaða fresti og í hópi þeirra sem leiða vinnupakka sem fundar mánaðarlega.

VERKHLUTAR ÁRIÐ 2019

Gunnarsstofnun stóð fyrir kynningu á CINE-verkefni bæði á Skriðuklaustri og Þórbergssetri. Í samstarfi við Minjastofnun var efnt til vinnustofu við Borgarhöfn í Suðursveit undir yfirskriftinni *Lesið í landið* þar sem skoðaðar voru fornar minjar í Kambstúni, hvar talið er að verbúðir frá Skriðuklaustri hafi staðið.

Sýndarveruleiki Skriðuklausturs var þróaður áfram innan CINE verkefnisins af teyminu úti í St. Andrews og síðsumars var tilbúinn ný gerð sem gerði notendum kleift að ganga um og svífa yfir byggingarnar. Sýndarveruleikinn er sýndur í Oculus Rift búnaði og á skjá í sérherbergi á Skriðuklaustri. Farið var með þann búnað á Tæknidag fjölskyldunnar í Neskaupstað haustið 2019.

Gunnarsstofnun ásamt Locatify og St. Andrews teyminu gerðu tilraunir með UltraWideBand staðsetningartækni á Skriðuklaustri sumarið 2019 í þeim tilgangi að gera fólki kleift að skoða klausturrústirnar með nýjum hætti á staðnum. Ekki fékkst leyfi hjá Minjastofnun til að setja búnaðinn upp á minjasvæðinu sjálfu en útlínur klaustursins voru slegnar í túnið framan við Gunnarshús og búnaðurinn settur upp þar. Tilraunin gaf góðar niðurstöður og því standa vonir til að leyfi fáist til að setja UWB búnaðinn upp við klausturrústirnar. Það myndi gera gestum kleift að ganga um rústirnar og skoða á sama tíma sýndarveruleika bygginganna ásamt því að geta kallað fram upplýsingar um gripi á þeim stöðum sem þeir fundust. Jafnframt yrði hægt að búa til fræðsluleiki með viðauknum veruleika (AR) í leikjakerfi Locatify.

Vorfundur verkefnisins var haldinn í Helmsdale í Skotlandi 2. - 5. maí. Forstöðumaður sótti þann fund og varð samferða samstarfsfólki frá Locatify. Gestgjafi var menningarmiðstöðin Timespan í Helmsdale. Haustfundur CINE var haldinn í Derry á Norður-Írlandi dagana 4. - 7. nóvember auk þess sem farið var yfir til Letterkenny og Killybegs í Donegal á Írlandi. Gestgjafar voru Ulster-háskólinn og minjasafnið í Donegal. Forstöðumaður og staðarhaldari sóttu þann fund og skoðuðu auk þess nokkur söfn í Edinborg á heimleiðinni. Báðum þessum fundum fylgdu vinnustofur sem tóku á ýmsum þáttum verkefnisins og kynntur var afrakstur og áskoranir á hverjum stað.

Sýndarveruleikinn á Tæknidegi í Neskaupstað.

Steinunn og Leifur frá Locatify við tilraunir.

UWB-búnaðurinn prófaður á Skriðuklaustri.

Útgáfa og upplýsingagjöf

Útgáfa

Gunnarsstofnun stóð ekki fyrir neinni formlegri útgáfu árið 2019. Prentaðar voru sýningarskrár fyrir gallerí Klaustur líkt og vanalega og *Klausturpósturinn* var sendur til Klausturreglufélaga. Þá var fjölgað tungumálum á prentuðum renningum fyrir fólk af skemmtiferðaskipum með grunnupplýsingum. Önnur útgáfa var ekki á vegum stofnunarinnar.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Ný heimasíða var opnuð í desember 2017 og árið 2019 var hún loksins öll komið yfir á ensku. Notendum heimasíðunnar hefur fækkað verulega síðustu ár og dottið úr 10.600 árið 2017 niður í 2.400 árið 2019. Síðuheimsóknir hafa þannig farið úr 34.000 birtingu og niður í 8.700. Meðaltími hvers notanda inni á heimasíðunni hefur hins vegar lengst og er nú rúmar 2 mínútur. Ekki er ljóst hvað veldur þessu hruni í heimsíðunotkun annað en það tók langan tíma að koma henni yfir á ensku og jafnframt er ekki að finna eins ítarlegar upplýsingar inni á henni og gömlu síðunni. Þá hefur þróunin almennt orðið sú síðustu misserin að fleiri nýta samfélagsmiðla til að afla sér upplýsinga um opnunartíma og framboð á þjónustu heldur en heimasíður. Því hefur verið lögð aukin áhersla á Facebooksíðu Skriðuklausturs og að uppfæra upplýsinga um staðinn reglulega inni á öðrum miðlum sem gestir nýta sér, eins og TripAdvisor og Google. Þess má geta að stjörnugjöf gesta á þessum miðlum er 4-5 stjörnur.

Almenn kynning

Ekkert nýtt kynningarefni var unnið sérstaklega fyrir Skriðuklaustur heldur áfram treyst á lokkara Upphéraðsklasans til almennrar kynningar. Auglýst var í Safnabókinni og Handpicked Iceland ásamt þátttöku í sameiginlegri auglýsingu Upphéraðsklasa í Kompási og Á ferð um Ísland. Viðburðir voru auglýstir í Dagskránni og Austurglugganum. Klausturkaffi auglýsti staðinn í útvarpsauglýsingum auk þess sem Gunnarsstofnun tók þátt í útvarpsauglýsingum safna.

Heimildasafn Gunnars

Unnið var lítillega í heimildasafni skáldsins á árinu. Enn er töluvert óunnið í að flokka, greina og skanna þýskar og danskar úrklippur og eftir að færa þau gögn sem þegar hafa verið skráð yfir í gagnagrunna Lbs-Hbs. Áform um að búa til venslaðan gagnagrunn sem bætir aðgengi að öllum gögnum um skáldið og verkum þess standa óhögguð og hafa tæknimál hjá Lbs-Hbs þróast það mikið að samsetning hans er orðin raunhæf. Í desember 2019 samþykkti stjórn stofnunarinnar að ráðinn yrði starfsmaður til að sinna skráningarverkefnum og standa því vonir til að árið 2020 komist þessi mál í betri farveg.

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar varð til árið 2013 með fjármagni frá ríkinu sem samsvaraði fallbótum fyrir landi Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal vegna Kárahnjúkavirkjunar. Árið 2015 var úthlutað í fyrsta sinn úr sjóðnum. Sjóðurinn er sjálfstæður en Gunnarsstofnun sér um umsýslu og er það eitt af verkefnum forstöðumanns. Á heimasíðunni www.skriduklaustur.is er hægt að sækja umsóknareyðublöð og skýrslueyðublöð ásamt því að skoða fundargerðir, fréttir og reglur.

Í stjórn sjóðsins sátu við árslok 2019:

Helgi Gíslason formaður, tilnefndur af stjórn Gunnarsstofnunar.
Gunnar Björn Gunnarsson, tilnefndur af Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sigríður Sigmundsdóttir, tilnefnd af stjórn Gunnarsstofnunar
varamaður: Signý Ormarsdóttir, tilnefnd af stjórn Gunnarsstofnunar.

Stjórn Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar samdi við Landsbanka Íslands um ávöxtun á fjármunum sjóðsins. Ekki var auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2019 heldur tekin ákvörðun um að styrkja afmælisverkefni *Sögu Borgarættarinnar*. Var styrknum, 1.500.000 kr., úthlutað í tengslum við afmælisdagskrá á Dyngjuvegi 8 hinn 18. maí.

Gestaíbúðin Klaustrið

Umsóknir um Klaustrið fyrir árið 2019 voru 16 og þar af fimm frá Íslendingum. Árið bókaðist vel og var flestum vikum úthlutað. Fyrstu vikur ársins fóru í endurbætur á baðherbergi íbúðarinnar. Nokkur forföll urðu á árinu en reynt að fylla í þau skörð sem mynduðust. Samtals voru ónýttar vikur í Klaustrinu um 13 yfir allt árið að meðtöldum vikum sem fóru í endurbætur.

Gestir Klaustursins þurftu að greiða staðfestingargjald fyrir íbúðina árið 2019. Gestum var séð fyrir ferðum til og frá Egilsstöðum eftir þörfum. Alls gistu 11 einstaklingar eða pör í Klaustrinu. Þá gistu nokkrir til viðbótar um skemmri tíma. Blanda lista og fræða var fjölbreytt að venju og vannst mönnum vel á Skriðuklaustri að eigin sögn.

Gestir Klaustursins 2019

Karen Nørskov	Danmörk	Leikritun
Brett Sroka	Bandaríkin	Tónlist
Hjörleifur Guttormsson	Ísland	Fræðimaður
Francois Lelong	Frakkland	Myndlist
Örn Þorsteinsson	Ísland	Höggmyndalist
Þórður Magnússon	Ísland	Tónlist
Vésteinn Ólason	Ísland	Fræðimaður
Tiffany Murray	Bretland	Rithöfundur
Harpa Dís Hákonardóttir	Ísland	Skrif og myndlist
Sveinbjörn Gizurarson	Ísland	Fræðimaður
Sunny Drake	Kanada	Leikritun

Auk þess gistu eftirtaldir nokkrar nætur í íbúðinni eða kjallaraíbúð á Skriðu vegna styttri verkefna:

Svavar Knútur Kristinsson	Ísland	Tónlistarmaður v. Grýlugleði
Tasha Doremus	Ísland	Vegna sýningar í gallerí Klaustri
Stuart Richardson	BNA/Ísland	Ljósmyndari
Marie-Anne Jongmans	Holland	Vegna sýningar í gallerí Klaustri

Hafist var handa við gerð klausturgarðs skammt neðan Gunnarshúss.

Skógræktin opnaði gönguleið upp í gegnum skóginn ofan Klausturs.

Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir

Ríkiseignir tóku við viðhaldi húsa á Skriðuklaustri árið 2016. Gunnarsstofnun greiðir fasta fermetraleigu á mánuði fyrir allar byggingarnar sem eru í umsjón stofnunarinnar og í staðinn sjá Ríkiseignir um allt viðhald og endurbætur. Samstarfið við Ríkiseignir gekk vel á árinu og voru í upphafi árs lagðar línur um hvað væri brýnast að fara í með Austurlandsfulltrúa Ríkiseigna, Kristjáni Þórarinssyni.

Haldið var áfram með múrviðgerðir á svölum Gunnarshúss og gengið frá handriði með tryggum og varanlegum hætti á þeim hluta svalanna sem viðgerðum var lokið á. Sá hluti var einnig málaður. Ljóst er að viðgerð svalanna mun standa fram til 2021.

Innandyra var stássstofan tekin í alsherjar yfirhaldningu. Þar var furugólfið slípað og lakkað og síðan veggir og loft máluð. Jafnframt var komið upp myrkvunartjöldum í gluggum stássstofu og skrifstofu. Síðla árs 2018 var hafist handa við að taka baðherbergi gestaíbúðar í gegn og stóð sú framkvæmd fram í febrúar 2019. Trégólf var rifið í burtu, allt flísalagt og sett up rúmgóð sturta ásamt því að sérsmíðuð var lítil innrétting.

Til umbóta utandyra fékkst styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2018, m.a. fyrir þrautabraut milli Gunnarshúss og Snæfellsstofu og jurtagarðs í anda klaustursins. Hafist var handa við gerð klausturgarðsins skammt frá Gunnarhúsi þar sem Einar Sæmundsen landslagsarkitekt gerði ráð fyrir honum við skipulag á staðnum. Garðurinn er átta metrar á kant og fjórskiptur með 2x2 metra beðum. Skipt var um jarðveg, smíðaðir lerkirammar fyrir beðin og hafist handa við grjóthleðslu kringum garðinn. Ætlunin var að ljúka hleðslu í október en þá skall á vetur þannig að frekari framkvæmdir frestuðust til vors 2020. Einnig var skipt um staura í brúnni milli húsanna sem var forsenda þess að setja upp klifurvegg á brúna.

Þá má geta þess að Skógræktin lagði göngustíg upp í gegnum skóginn fyrir ofan Skriðuklaustur sem tengist við gönguleið um svokallaðan Tröllkonustíg. Til að bæta aðgengið var síðan sett fallegt hlið á girðinguna ofan við Snæfellsstofu.



Höfundarréttarmál

Samkomulag erfingja um handhöfn höfundarréttarins hjá Gunnarsstofnun var endurnýjað árið 2017. Unnið var eftir útgáfuáætlun svo sem kostur var árið 2019. Árið 2019 var skrifað undir samning um endurútgáfu á *Aðventu* á frönsku við forlagið Zulma fyrir tilstuðlan á Monicu C. Gram hjá dönsku umboðsskrifstofunni Copenhagen Literary Agency. Sú útgáfa kom út í nóvember í Frakklandi og hlaut góðar viðtökur. Notuð var þýðing Gerard Lemarquis og Maríu Gunnarsdóttur. Með aðstoð CLA var einnig gengið frá samningi við Iperboria á Ítalíu um útgáfu á *Svartfugli*. *Svartfugl* kom út á norsku í þýðingu Óskar Vistdal hjá Bokvennen og fékk líka góða dóma. Þá hóf Lindhardt og Ringhof Forlag í Danmörku rafræna útgáfu á verkum Gunnars að undanskildum *Aðventu*, *Svartfugli* og *Fjallkirkjunni*. *Svartfugl* kom einnig út í Aserbaídsjan í þýðingu Anar Rahimov hjá Alatoran Literature forlaginu og samið var við sama forlag um útgáfu á *Sælir eru einfaldir*. Gunnarsstofnun stýrði einnig samningsgerð við Pál Grímsson kvikmyndaframleiðanda um gerð sjónvarpsþátta eftir *Svartfugli* og var samningurinn undirritaður af erfingjum skáldsins. Í nóvember kom út hljómdiskur hjá þýsku útgáfufyrirtæki með sveitinni Mógil þar sem *Aðventa* er nýtt til innblásturs auk þess sem nokkur textabrot úr henni fá að njóta sín í flutningi Heiðu Árnadóttur söngkonu.





Félagsaðild Gunnarsstofnunar o.fl.

Gunnarsstofnun er aðili að **Samtökum um söguferðaþjónustu** (SSF). Forstöðumaður lét af störfum sem gjaldkeri í stjórn samtakanna á árinu en mun fylgjast með fjármálum þeirra þangað til lokagreiðsla vegna *Follow the Vikings* verkefnisins hefur skilað sér. Markmið samtakanna er að skapa þessari tegund ferðaþjónustu vettvang til samstarfs og markaðssetningar. Samtökin hafa verið með samning við ráðuneyti ferðamála síðustu árin. Þau hafa á undanförnum árum tekið þátt í stóru Evrópuverkefnið sem heitir *Follow the Vikings* og hefur forstöðumaður borið ábyrgð á fjármálahlið samtakanna í verkefninu sem stýrt er frá Hjaltlandseyjum. Töluverður tími fór í bókhaldsmál vegna FTV á árinu og stjórnun ýmissa verkþátta eins og farandsýningar sem sett var upp í Hafnarhúsinu í Reykjavík á Vetrarhátíð.

Forstöðumaður Gunnarsstofnunar hefur gegnum árin verið með **Ormsskrínið** í sínum skúffum þó að lítil starfsemi hafi verið í félaginu. Hann sér m.a. um að setja efni inn á heimasíðu félagsins, www.lagarfljotsormur.com og reynir að vekja athygli á arfleifð þessarar lifandi goðsagnar.

Gunnarsstofnun á hagsmunaaðild að **Austurbrú ses.** gegnum samstarfssamning við stoðstofnunina. Auk þess sem Austurbrú á 140.000 kr. stofnfjárframlag í Gunnarsstofnun frá því í tíð Atvinnuþróunarfélags Austurlands. Frá ársfundi í maí 2013 hefur forstöðumaður setið í starfsháttanefnd stofnunarinnar og gegnt þar formennsku.

Gunnarsstofnun fékk vottun Ferðamálastofu árið 2014 og flaggar fána **Vakans**. Það þýðir að Skriðuklaustur uppfyllir ákveðnar reglur og fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til aðila í Vakanum. Skriðuklaustur varð fyrst staða á landinu til að fá vottun út á sértæk viðmið fyrir sögu- og menningarferðaþjónustu. Árið 2017 náðist einnig að uppfylla umhverfisvottun Vakans en árið 2018 var allri umsýslu Vakans breytt. Gunnarsstofnun samdi árið 2019 við fyrirtækið Inspectionem um úttttektir hjá sér og er búin að fá endurnýjun á vottuninni.

Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns

Forstöðumaður stofnunarinnar situr í skólanefnd **Menntaskólans á Egilsstöðum** og hefur verið formaður þar frá 2013. Sú skipun rann út 2017 en hann var endurskipaður í nefndina. Þá var hefur hann setið í stjórn **Þjónustusamfélagsins á Héraði** sem ritari síðan 2017 en það félag vinnur að þróun ferðaþjónustu á Héraði. Einnig situr hann í **DMP stýrihópi** á Austurlandi og í stjórn **Veiðifélags Jökulsár á Dal**.

Frá framkvæmdum á baðherbergi gestaíbúðar.

Hugleiðing forstöðumanns

Árið 2019 var annað árið sem tveir starfsmenn voru í heilsársvinnu hjá Gunnarsstofnun. Sú breyting hefur gert það að verkum að rykið hefur verið dustað af ýmsum verkefnum sem setið hafa á hakanum sökum manneklu. Hin almenna starfsemi á Skriðuklaustri og umsjón með gestaíbúð er nú að mestu í höndum staðarhaldara sem jafnframt tekur virkan þátt í CINE-verkefninu með forstöðumanni. Hækkun á ríkisframlögum hefur leitt til þess að stofnunin er betur í stakk búin til að takast á við sitt víðtæka hlutverk. Í árslok 2019 samþykkti stjórn stofnunarinnar þess vegna að ráðið yrði í tímabundið starf þriðja starfsmanns, fyrir utan sumarstarfsmenn, sem hefði þá það hlutverk að vinna í heimildasafni Gunnars og öðrum skráningarverkefnum en tæki jafnframt þátt í gestamóttöku yfir sumarið.

CINE-verkefnið er vissulega tímafrekt en afar mikilvægt fyrir stofnunina. Nýjungar á sviði miðlunar og nýjar leiðir til að skrásetja umhverfi og sögu falla vel að þeim hluta starfseminnar sem snertir miðaldaklaustrið. Sýndarveruleikinn sem byggður hefur verið af teyminu í St. Andrews háskólanum er einstaklega skemmtileg viðbót við sýninguna um klaustrið og hægt að vinna meira með þá tækni. Öll sú reynsla sem kemur út úr CINE-verkefninu mun nýtast við endurnýjun sýninga í Gunnarshúsi og miðlun á staðnum sem ætlunin er að vinna í næstu tvö árin.

Heimsóknum ferðamanna í Skriðuklaustur hefur fjölgað ár frá ári og skipta tekjur af aðgangseyri og minjagripasölu orðið miklu fyrir stofnunina. Það óvænta ástand sem stofnunin stendur frammi fyrir vegna COVID-19 mun að líkindum hafa í för með sér rekstrarhalla árið 2020 og ganga á þann höfuðstól sem byggður hefur verið upp síðustu tvö ár og ætlaður var í endurnýjun grunnsýninga. Við bindum samt vonir við að Íslendinga verði duglegir að heimsækja Skriðuklaustur nú sem endranær og ætlum að taka vel á móti þeim í sumar. En það er ljóst að þær sértekjur munu ekki verða samsvarandi sértekjum síðustu ára. Við endurnýjun samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið verður því að treysta á að fjárframlög dragist ekki saman.

Þann 1. október 2019 voru liðin 20 ár frá því undirritaður tók við starfi forstöðumanns. Þegar horft er um öxl til þessara tveggja áratuga er ekki laust við að maður finni fyrir ákveðnu stolti. Miklu hefur verið áorkað síðan tekið var við tómu húsi á Skriðuklaustri og stofnun sem var með háleit markmið en óljósar leiðir til að ná þeim. Gott samstarf hefur verið við marga aðila hér á landi og erlendis og stofnunin jafnan notið velvilja og stuðnings opinberra aðila og annarra. Það hefur einnig skipt miklu máli að hafa sterka stjórn að baki forstöðumanni með skapandi sýn á það verkefni að byggja upp virka menningarstarfsemi í dreifbýli austur á landi. Hugsjónum skáldsins hefur verið fylgt eftir og draumur þeirra hjóna um að Skriðuklaustur gæti orðið til menningarauka hefur ræst.

Skriðuklaustri 10. júní 2020

Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður